



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRÁ 2020-2032

Breyting aðalskipulags

Almennir skilmálar til uppbyggingar í dreifbýli

02.09.2024



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,

með síðari breytingunni, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings eystra þann 14.02.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 10.06.2025



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 21.06.2024 með athugasemdafresti til: 17.07.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

109293-GRG-001-V03

HÖFUNDUR

MS/BRE

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR BREYTINGAR	4
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	4
3.2	Aðalskipulag Rangárpings eysra 2020-2032	5
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1	Valkostir	10
5.2	Umhverfispættir og áherslur	10
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	12
5.3.1	Niðurstöður	13
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	13
6.1	Umsagnaraðilar	13
6.2	Skipulagsferli	13

1 INNGANGUR

Rangárþing eystra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til almennra skilmála á uppbyggingar í dreifbýli innan aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem stefnt er að viðamikilli uppbyggingu á góðu landbúnaðarlandi, s.s. stærri íbúðar-/frístundasvæði eða umfangsmikla ferðaþjónustu. Þá verði framkvæmdir sem hafa veruleg áýndar og/eða náttúrufarsleg áhrif s.s. umfangsmikil skógrækt, endurheimt votlendis o.fl. áfangaskiptar svo að hægt sé að meta áhrif á framkvæmdartíma s.s. á fuglalíf, aðliggjandi landbúnaðarland o.fl.

Markmið breytingarinnar er að setja skýrari ramma utan um stærri uppbyggingu innan sveitarfélagsins og undir hvaða forsendum slík áform geta átt sér stað. Mikilvægt er að landeigandi/framkvæmdaraðili sé vel upplýstur um þær aðstæður, upplýsingar og rökstuðning sem þurfi að vera fyrir hendi svo sveitarfélagið heimili breytingu á landnotkun.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á skilmálum aðalskipulags í greinargerð þessari ásamt umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR BREYTINGAR

Undanfarin misseri hefur verið töluverð eftirspurn eftir breytingu á landnotkun landbúnaðarlandi í dreifbýli fyrir frístunda- og íbúðarbyggð og einnig verslunar- og þjónustusvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Að því tilefni finnst sveitarstjórn nauðsynlegt að marka skýrari stefnu á skilmálum eftirfarandi landnotkunar. Markmið breytingarinnar er að gera skýrari skilmála til að hafa betri yfirsýn og stjórn á skipulagningu á skilgreindum svæðum. Ákvæði eru sett inn í aðalskipulag sem eru til þess ætluð að upplýsa landeigendur og mögulega framkvæmdaraðila sem fyrirhuga uppbyggingu á stærri skipulagsáformum betur um hvaða forsendur þurfi að vera fyrir hendi til þess að sveitarfélagið heimili breytingu á landnotkun og deiliskipulagsgerð.

Gerð er breyting á almennum skilmálum fyrir landnotkunarflokkana landbúnaðarsvæði, íbúðarsvæði, frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Almennt er gert ráð fyrir að ef óskað er eftir breyttri landnotkun á 20 ha eða meira, þar sem fyrirhuguð eru umfangsmikil uppbygging þá skal áfangaskipta framkvæmdum og gera grein fyrir þeim í deiliskipulagi. Sveitarfélaginu verður heimilt að fresta framkvæmdarleyfi á seinni áföngum hafi framkvæmdir ekki hafist á a.m.k. 70% þeirra. Nánar er fjallað um ný ákvæði landnotkunarflokka í kafla 4.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að *vernd umhverfis og náttúru* skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri *velsæld samfélagsins* og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að *samkeppnishæfu atvinnulífi* með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Í landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram að land sé takmörkuð auðlinda og mikil eftirspurn er eftir landi til skógræktar, undir frístundabyggð, fyrir ferðapjónustu og íbúðaruppbyggingu í dreifbýli. Áhersla er lögð á að landbúnaðarland sem hentar vel til ræktunar matvæla og fóðurs er verðmætt og skuli slíku landi ekki vera ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.

3.2 Aðalskipulag Rangárpings eystra 2020-2032

Íbúðarbyggð (ÍB)

Í kafla 2.2.2 eru eftirfarandi stefna fyrir íbúðarbyggð:

- Að íbúðarbyggð í dreifbýli taki mið af yfirbragði dreifbýlis.
- Að í dreifbýli skal skilgreina íbúðarbyggð þar sem fjórar lóðir eða fleiri eru samliggjandi.
- Að nýjar byggingar falli vel að eldri byggð og mannvirki séu að jafnaði 1-2 hæðir.
- Að þjónusta á íbúðarlóðum sé sambærileg og á bújörðum í dreifbýli.
- Að við skipulag nýrra svæða skal leitast við að byggja í grennd við núverandi vegi og veitukerfi, að jafnaði ekki fjær stofn- og tengivegum en 1.000 m eða héraðsvegum meira en 500 m.

Eftirfarandi eru almennir skilmálar fyrir íbúðarbyggð:

- Húsdýrahald er heimilt innan íbúðarbyggðar, þar sem slíkt kemur fram í deiliskipulagi og/eða meirihluti eiganda/lóðarhafa samþykki þær. Dýrahald er alltaf á ábyrgð eigenda og skal beitapeningur vera afgirtur.
- Almennt er ekki heimilt að stunda atvinnurekstur í íbúðarbyggð. Komi fram ósk um atvinnurekstur, s.s. gistingu eða aðra þjónustu, þarf að skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig í samráði við aðra landeigendur og lóðarhafa. Samráð í formi grenndarkynningar verði innt af hendi af skipulagsfulltrúa. Grundvöllur fyrir jákvæðri umsögn er jákvæð niðurstaða úr grenndarkynningu, að tryggð sé greið aðkoma að lóðum allt árið um kring og að næg bílastæði séu innan lóðar. Starfsemi skal hafa gilt rekstrarleyfi.
- Við gerð deiliskipulags, skal taka tillit til umhverfis og náttúru, ásamt umhverfisvænum lausnum, sbr. kafla. 2.1.1. Gera skal ráð fyrir flokkun úrgangs í samræmi við reglur sveitarfélagsins.
- Við gerð deiliskipulags nýrrar íbúðarbyggðar skal gera grein fyrir þekktum hættusvæðum, minja- og verndarsvæðum. Þá skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum s.s. vegna flóða eða gróðurelda.

Frístundabyggð (F)

Í kafla 2.2.3 í aðalskipulagi eru eftirfarandi stefna um frístundabyggð:

- Að frístundabyggð og stök frístundahús falli vel að landslagi og því byggðamynstri sem fyrir er.
- Að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna matvælaframleiðslu (Landbúnaðarland L1), náttúrufars, náttúruauðlinda, fornleifa, sögu eða almenns útivistargildis.

Eftirfarandi almennir skilmálar er um frístundabyggð:

- Heimilt er á hverri lóð að reisa allt að fjögur hús, t.d. eitt frístundahús, gestahús, geymslu og gróðurhús.
- Frístundalóðir verða að jafnaði 0,5 – 2.0 ha að stærð. Nýtingarhlutfall allt að 0,04, þó aldrei yfir 300 m² í heildarbyggingarmagni.
- Að jafnaði er ekki heimilt að stunda atvinnurekstur í frístundabyggð. Komu fram ósk um atvinnurekstur s.s. gistingu eða aðra þjónustu þarf að skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig í samráði við landeigendur og nálæga lóðarhafa. Samráð, í formi grenndarkynningar verði innt af hendi skipulagsfulltrúa þar sem m.a. komi fram tegund starfsemi s.s. gistingar í flokki II sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Grundvöllur fyrir jákvæðri umsögn er jákvæð niðurstaða úr grenndarkynningu, að tryggð sé greið aðkoma að lóðum allt árið um kring og að næg bílastæði séu innan lóðar. Starfsemi skal hafa gilt rekstrarleyfi.
- Við gerð deiliskipulags nýrrar frístundabyggðar skal gera grein fyrir þekktum hættusvæðum, minja- og verndarsvæðum. Þá skal einnig gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum, þá vegna flóða eða gróðurelda.
- Sveitarstjórn áskilur sér rétt við næstu endurskoðun aðalskipulags að minnka eða fella út svæði sem ekki hafa gilt deiliskipulag og eða að engin uppbygging hafi átt sér stað.

Landbúnaðarsvæði (L)

Í kafla 2.4.1 í aðalskipulagi eru eftirfarandi almennir skilmálar fyrir landbúnaðarsvæði:

- Byggingar á landbúnaðarlandi skulu almennt tengjast rekstri jarðarinnar (L1 og L2) og/eða annarri takmarkaðri starfsemi ábúanda á jörðinni.
- Halda skal í dreifbýlisyrbrigð í sveitarfélaginu, þ.e. ekki vera með samfellda byggð eða götumynd eða litlar samliggjandi lóðir.
- Ný íbúðarhús skulu vera innan við 1.000 m frá stofn- og tengivegum eða innan við 500 m frá núverandi héraðsvegum.
- Samfelld nytjaskógrækt eða endurheimt votlendis á svæðum sem ekki eru nýtt til ræktunar og hafa ekki áhrif á grunnvatnsstöðu aðliggjandi ræktunarlands.
- Unnið að stækkun náttúrulegra birkiskóga m.a. með beitarfriðun og plöntun í samræmi við Bonn áskorun um endurheimt skóga.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldihús alifugla, lóðdýra og svína skal staðsett að jafnaði í a.m.k. 250 m fjarlægð frá annarri byggð þó aldrei nær en sem segir í reglugerð 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína. Staðsetning eldihúsa skal skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta m.a.

út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátta og náttúrufarslegum aðstæðum. Sérstaklega skal meta fjarlægðarmörk í nágrenni þéttbýlis og þjónustu eða ferðamannastaða.

- Eldishús, sem krefst starfsleyfis UST (skv. reglugerð) skulu vera á skilgreindu iðnaðarsvæði.
- Við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir skal forðast rask á verndarsvæðum nema til komi mótvægisáðgerða.
- Heimilt er að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt.
- Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað mega vera allt að 1.500 m² (samtals eldri og ný).
- Hvatt er til að bændur og aðrir landnotendur vinni að kolefnishlutleysi og kolefnisjöfnun í sínum rekstri.
- Forðast skal rask á góðu og samfellu landbúnaðarlandi. Horfa skal til flokkunar landbúnaðarlands þegar skipta á landi upp til annarrar nýtingar.
- Heimilað eru ýmskonar stakar framkvæmdir sbr. kafla 2.3.4.

Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skógræktar- og landgræðslusvæði er fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Í kafla 2.4.2 í aðalskipulagi eru eftirfarandi skilmálar fyrir skógræktar og landgræðslusvæði:

- Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina nú uppgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Landgræðsla, friðun og plöntun birkis og annarra tegunda er heimil til kolefnisbindingar og endurheimt skóga sbr. Bonn áskorunina.
- Skilgreina skal skógræktar- og landgræðslusvæði ef um er að ræða samfellda ræktun á 3 ha svæði eða stærra.
- Hefta skal útbreiðslu ágengra plöntutegunda.
- Áætlanir um skógrækt á samfelldum svæðum sem eru 3 ha eða stærri þar sem m.a. koma fram upplýsingar um afmörkun, tegundaval, tímaáætlanir og fornleifakönnun skulu lagðar fyrir sveitarstjórnar til samþykktar. Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, votlendis, auðlinda, útivistagildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt að jafnaði takmörkuð eða óheimil óháð stærð svæðis.
- Heimilt er að hafa mannvirki sem þjóna notkun svæðanna, s.s. bílastæði, snyrtiaðstöðu, útivistarleiðir, áningarstaði og upplýsingarskilti.
- Við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum.

Verslun og þjónusta (VP)

Í kafla 2.4.3 í aðalskipulaginu eru eftirfarandi skilmálar um verslunar- og þjónustusvæði:

- Stærð lóðar og heildar byggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi hverju sinni.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang verslunar- og þjónustusvæða. Þar verði skilgreind frekari uppbygging á þjónustu. Lögð er áhersla á góðan frágang lóða. Bílastæði skulu vera innan hverrar lóðar og nægilega mörg til að anna þeirri starfsemi sem fer fram á lóðinni.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á eftirfarandi köflum aðalskipulags með það að markmiði að uppbygging verði markvissari og að ekki verði tekin fyrir of stór skipulagssvæði sem svo byggjast ekki upp, nema að litlum hluta. Eingöngu er verið að breyta almennum skilmálum umræddra landnotkunarflokka í dreifbýli.

Kafla 2.4.1 Landbúnaðarsvæði (L)

Í almennum skilmálum gildandi skipulags fellur eftirfarandi út:

- Samfelld nytjaskógrækt eða endurheimt votlendis yfir 3 ha á landbúnaðarlandi skal tilkynna sveitarfélagi og eftir atvikum óskað breytinga á aðalskipulagi, sbr. kafla 2.4.2.
- Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað mega vera allt að 1.500 m² (samtals eldri hús og ný).

Skilmálar verða eftir breytingu:

- Samfelld nytjaskógrækt eða endurheimt votlendis yfir 3 ha á landbúnaðarlandi skal tilkynna sveitarfélagi og eftir atvikum óskað breytinga á aðalskipulagi sé óskað breytinga á yfir 20 ha landsvæði, sbr. kafla 2.4.2.
- Þegar óskað er eftir breytttri landnotkun, skal rökstyðja þörf til breytinga, stærð svæðis og hvort mögulega megi nýta önnur minna verðmæt svæði fyrir breytta landnotkun, sérstaklega ef um er að ræða verndarsvæði og/eða úrvals akuryrkjuland (L1).
- Við breytingu aðalskipulags skal gera skal grein fyrir áhrifum breyttrar landnotkunar á aðliggjandi svæði, þar sem það á við s.s. við endurheimt votlendis.
- Horft verður til hvort áfangaskipta skuli framkvæmd, þegar landnotkun er breytt á 10 ha svæði eða stærra og hvort þörf sé á vöktun eða mótvægisaðgerðum þegar reynsla kemst á fyrstu áfanga. Í deiliskipulag/framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir áfangaskiptingu, þar sem við á.
- Metið verður í hverju tilfelli fyrir sig, hvort þörf sé á að áfangaskipta framkvæmdum.
- Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað mega vera allt að 1.500 m² (samtals eldri hús og ný) og/eða fyrir allt að 20 næturgesti í húsum. (Kafla 2.4.1 og 2.2.1).

Almennir skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

Kafla 2.2.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

Bætt er við eftirfarandi undir almenna skilmála:

- Í deiliskipulagi nýrra íbúðarbyggðar skal almennt áfangaskipta uppbyggingu

- Á stærri svæðum (s.s. fyrir 30 ha og stærri) er ekki heimilt að úthluta/hefja framkvæmdir við næsta áfanga fyrr en framkvæmdir hafa hafist á a.m.k. 70% af fyrri áfanga.

Almennir skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

Kafl 2.2.3 Frístundabyggð (F)

Bætt er við eftirfarandi undir almenna skilmála:

- Í deiliskipulag nýrra frístundabyggðar skal almennt áfangaskipta uppbyggingu
- Á stærri svæðum (s.s. fyrir 10 ha og stærri) er ekki heimilt að úthluta lóðum og/eða hefja framkvæmdir við næsta áfanga fyrr en framkvæmdir hafa hafist á a.m.k. 70% af fyrri áfanga.
- Ekki verður heimiluð samfelld uppbygging á votlendis/hálfdeigjum sbr. vefsja NÍ nema fyrir liggja umsagnir um svæðið frá Náttúrufræðistofnun Íslands og/eða Umhverfisstofnun.

Almennir skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

Kafl 2.4.3 Verslun og þjónusta

Bætt er við eftirfarandi undir almenna skilmála:

- Ef teknar eru stærri lóðir undir uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæði skal uppbygging vera áfangaskipt skv. deiliskipulagi, þá skal gert ráð fyrir að búið sé að byggja upp/framkvæma um 70% af fyrri áfanga áður en leyfi fæst fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Að jafnaði skal áfangaskipta uppbyggingu á svæðum yfir 10 ha eða þar sem rekstri er skipt á 10 hús eða fleiri.
- Að jafnaði skal uppbygging á verslunar- og þjónustusvæðum vera í góðum tengslum við vega- og veitukerfi. Almennt skulu ný svæði vera innan 1000m frá stofn og tengivegum og/eða 500m frá héraðsvegum.

Almennir skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

Kafl 2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).

Bætt er við eftirfarandi undir almenna skilmála:

- Uppgræðsla svæða sem eru stærri en 20 ha skal vera áfangaskipt og í samræmi við reglugerðir skógræktar- og landgræðslu.

Almennir skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

5.1 Valkostir

Gildandi skilmálar aðalskipulags (núll kostur) verður borið saman við hugmyndir um breytta skilmála aðalskipulag.

5.2 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar er að finna í töflunni.

TAFLA 1. Umhverfispættir, viðmið og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landnotkun Landslag Landnotkun Ásýnd	Aðalskipulag Rangárbíngs eystra 2020-2032. - Landslagsheildir, fjölbreytileiki landslags og menningarminjar verði vernduð. Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir. - Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Náttúrufar Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra. Votlendi Jarðvegur	Aðalskipulag Rangárbíngs eystra 2020-2032. - Stuðla skal að vernd lítt raskaðra landsvæða. - Vernda og endurheimta skal búsvæði vaðfugla og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla. Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg, að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. - Viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundarfjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurningar
Loftslagsmál Kolefnisbinding Kolefnishlutleysi	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032.</i> - Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda m.a. með aukinni skógrækt. <i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</i> - Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar.	
Heilbrigði Mengun Hávaði. Öryggi. Vatnshlot.	<i>Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032.</i> - Tryggja sem best öryggi íbúa með því að taka tillit til skilgreindra hættusvæða, s.s vegna flóða/eldgosa. - Öll mannvirki skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti. - Takmarka hávaða og ónæði við nærliggjandi býli. - Áhersla á umferðaröryggi, m.a. fyrir óvarða vegfarendur. <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis. - Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns. - Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá. <i>Vatnaáætlun 2022-2027.</i> - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til 2030.</i> - Stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. <i>Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.</i> <i>Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Er öryggi íbúa/gesta stefnt í hættu? Er hætta á mengun vatnshlota? Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?
Samfélag Sérkenni byggðar. Atvinnulíf. Ferðaþjónusta.	<i>Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032</i> - Halda skal í dreifbýlisyfirbragð, þ.e. ekki vera með háreistar byggingar. Við hönnun mannvirkja verði lögð áhersla á að þau falli vel að landi og staðbundnum gæðum, þjóni tilgangi sínum vel og taki mið af því byggðamynstri sem halda skal í. - Stuðla að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi. - Byggja upp verslun og þjónustu víða í sveitarfélaginu til að efla ferðamennsku. <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. - Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun.	Hefur stefnan áhrif á sérkenni byggðar? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á þjónustu við ferðamenn?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	- Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi. <i>Framtíðarsýn og leiðarljós í íslenskri ferðaþjónustu til 2030</i> - Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. - Ferðaþjónusta er þekkt fyrir sjálfbæra þróun, gæði og einstaka upplifun.	
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbíngs eystra 2020-2032.</i> - Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær. <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i>	Hefur stefnan áhrif á minjar- og verndarsvæði?

5.3 Mat á umhverfisáhrifum

Gerð er grein fyrir áhrifum af breytttri stefnu aðalskipulags.

Áhrif á land og landnotkun er metin jákvæð. Með breytttri stefnu er verið að stuðla að því að hægt sé að nýta land með fjölbreyttum og hagkvæmum hætti án þess að gengið sé um of á verðmætt landbúnaðarland. Með kröfu um áfangaskiptingu er verið að koma í veg fyrir óþarfa rof á samfelldu landbúnaðarlandi og breytingum á ásjúnd svæða sem verða síðar ekki fullbyggð.

Áhrif á náttúrufar eru metin jákvæð. Sett eru ákvæði með það markmið að vernda votlendi og samfellda gróðurhulu. Ekki er verið að standa í vegi fyrir áframhaldandi skógrækt heldur veita sveitarfélaginu betri yfirsýn yfir slík verkefni. Skógrækt getur breytt eiginleikum jarðvegs og rýrt landbúnaðarland en getur einnig bundið talsvert magn af kolefni í jarðveg og aukið frjósemi hans, komið í veg fyrir jarðvegsrof og jafnvel veitt nærliggjandi landbúnaðarsvæðum gott skjól. Með breytingunni er verið að koma í veg fyrir óþarfa rask á vistkerfum og að stærri framkvæmdir byggist ekki upp dreift yfir skipulagssvæðið.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg/jákvæð. Ennþá er gert ráð fyrir skógrækt sé með það markmið að binda kolefni og auka viðnám við loftslagsbreytingum. Ákvæði eru sett til að vernda samfelldu landbúnaðarland, votlendi og aðrar vistgerðir sem geta verið kolefnisrík.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Ef farið er eftir öllum viðeigandi lögum og reglugerðum þá er ekki hætt á mengun. Nánar yrði gert grein fyrir slíku í umhverfismati fyrir hverja á eina skipulagsáætlun sem gerð er sem byggir á áður nefndum ákvæðum.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Með breytingunni gefst sveitarfélaginu tækifæri til að standa vörð um landbúnaðarland og matvælaöryggi samhliða því að stuðla áfram að þróun byggðar, blómlegu mannlífi og öflugu atvinnulífi í sveitarfélaginu.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Ekki er talin hætta á raski á náttúru- og menningarminjum af völdum stefnunnar. Verið er að stuðla að verndun verðmætra svæða og áfram verður farið eftir viðeigandi lögum og reglugerðum þar að lútandi.

5.3.1 Niðurstöður

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni og telur að yfir heildina litið sé áhrif hennar á umhverfisþætti jákvæð og fari vel að nýrri Landsskipulagsstefnu. Sveitarfélagið stuðlar áfram að uppbyggingu, íbúafjölgun, öflugu atvinnulífi og land- og skógrækt til að sporna gegn loftslagsbreytingum samhliða því að standa vörð um búrekstursskilyrði og möguleg búrarekstrarnot í framtíðinni.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt frá miðjum júní til júlí 2024. Umsagnir bárust frá eftirfarandi: Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Lands og skóga og Minjastofnun Íslands.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Land og Skógur
- RML

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli

